

**Mál nr. 366/2018****M og  
váttryggingafélagið V vegna slysatryggingar sjómanna sem A****Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss.****Gögn.**

Málskot dags. 09.11.2018 ásamt fylgiskjölum 1-9.  
Bréf V dags. 07.12.2018.

**Málsatvik.**

M varð fyrir líkamstjóni aðfaranótt hins 29. apríl 2017. Í málskoti lýsir M atvikum þannig að hann hafi verið á þilfari skips síns þegar hann rann til í hálfu og steypist fram fyrir sig, en fallið hafi verið um þrír metrar. Hann hafi rotast við fallið en haldið til káetu sinnar þegar hann rankaði við sér. Þar hafi hann vaknað alblóðugur morguninn eftir, gert skipsfélögum sínum viðvart og í kjölfarið leitað lækniástoðar.

M telur að umrætt atvik sé bótaskyldt úr slysatryggingu sjómanna sem vinnuveitandi M, A, var með í gildi hjá V á slysdegi. V hafi hins vegar hafnað kröfu þar að lútandi þar sem misræmi væri í gögnum málsins varðandi það hvar slysið hefði átt sér stað. Þannig legði V til grundvallar að M hefði verið ölvaður á leið að skipinu þegar hann hefði runnið og lent illa. M mótmælir þeirri afstöðu enda komi sú atvikalýsing aðeins fyrir á einum stað í gögnum málsins, en annars staðar í læknisvottorði komi rétt atvikalýsing fram. Þá geti hin ranga atvikalýsing ekki staðist, enda segi einnig þar að M hafi farið heim til sín að skipta um fót áður en hann leitaði læknis, en M sé búsettur í öðru bæjarfélagi. Þá þurfi að líta til þess að þegar M hafi upphaflega gefið lýsingu á atvikum hafi hann verið kaldur og vankaður eftir höfuðhögg. Þar sem upphafleg atvikalýsing, um að M hafi verið á leið til skipsins sé röng sé því ljóst að atvikið falli undir bótasvið slysatryggingar sjómanna A hjá V og sé bótaskyldt. Raunar sé þess utan alls ekki ljóst af umræddri atvikalýsingu hvar slysið hafi átt sér stað og geti hún, jafnvel þó ekki sé tiltekið í henni að það hafi átt sér stað um borð, því ekki réttlætt höfnun á bótaskyldu.

Í bréfi sínu til nefndarinnar áréttar V áður fram komna afstöðu sína. Vísað er til þess að í upphaflegu vottorði segi að M hafi verið að ganga heim í skip þegar hann hafi runnið til og dottið. Komi þar fram að hann hafi legið meðvitundarlaus í tvær klukkustundir áður en hann hafi farið heim að skipta um fót. Enn fremur komi fram í vottorðinu að M hafi munað vel eftir atvikum. Engin gögn styðji síðar fram komna atvikalýsingu um að slysið hafi átt sér stað um borð í skipinu og því verði ekki byggt á henni. Þá séu ákvæði skilmála umræddrar váttryggingar afdráttarlaus varðandi það að slys þurfi að hafa átt sér stað um borð í skipi og í vinnu í beinum tengslum við rekstur skipsins svo bótaskylda sé til staðar. Hafnar V því kröfum M.

**Álit:**

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort slys M hafi átt sér stað um borð í umræddu skipi. Í læknisvottorði því sem liggur fyrir nefndinni koma fram nokkuð misvísandi atvikalýsingar. Þannig kemur fram að við fyrstu komu til lækni hafi M lýst atvikum á þann hátt að hann hafi verið að ganga heim í skip eftir áfengisdrykkju þegar hann hafi runnið og fengið höfuðhögg. Hann hafi í kjölfarið legið meðvitundarlaus í tvær klukkustundir en þá farið heim þar sem hafi liðið yfir hann. Við síðari komur til lækni er atvikum lýst svo að M hafi dottið um borð í skipi sínu og rotast en vaknað á dekkinu nokkrum tímum síðar. Er því nokkur vafi um atvik. M hefur ekki lagt fram nein gögn, svo sem ljósmyndir af slysstað eða yfirlýsingar skipsfélaga, er styðji það að slysið hafi atvikast með þeim hætti sem hann heldur fram og byggir bótakröfu sína á. Verður því ekki talið að M hafi sýnt nægilega fram á að slysið hafi átt sér stað um borð og verður bótaskylda því ekki talin fyrir hendi.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna sem A var með í gildi hjá V.

Reykjavík 8. ágúst 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.  
lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir